



Fréttatilkynning
12 November 2024 14:45:00 GMT

Íslandsbanki hf.: S&P Global Ratings breytir horfum á lánshæfismati Íslandsbanka í jákvæðar úr stöðugum, lánshæfismat staðfest

Alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið S&P Global Ratings (S&P) hefur í dag breytt horfum á lánshæfismati Íslandsbanka í jákvæðar úr stöðugum og jafnframt staðfest BBB+/A-2 langtíma- og skammtíma einkunnir bankans og A-/A-2 RCR einkunnir.

Að mati S&P hafa nýlega samþykktar skilaáætlanir kerfislega mikilvægra banka á Íslandi varpað frekara ljósi á umfang undirskipaðra (e. *subordinated*) skuldbindinga sem bönkunum verður gert hafa útistandandi. Miðað við kröfu um undirskipan sem svarar til 23,4% af áhættugrunni (að meðtalinni kröfu um eiginfjárouka), gerir S&P ráð fyrir því að Íslandsbanki muni gefa út umtalsvert magn af SNP-skuldabréfum (e. senior non-preferred) á aðlögunartímabilinu fram til október 2027.

S&P nefnir að þau gætu hækkað lánshæfismat Íslandsbanka ef bankinn eykur við undirskipaðar skuldbindingar sínar umfram aðlagað viðmið S&P um 4% af áhættugrunni á næstu 24 mánuðum. Slíkt myndi draga úr áhættu sem eigendur almennra skuldabréfa (e. senior preferred) standa frammi fyrir. S&P gæti endurskoðað horfurnar í stöðugar ef Íslandsbanki nær ekki viðmiði S&P um lágmarks tapsþol (e. ALAC threshold). Lækkun á lánshæfismati gæti átt sér stað ef RAC-hlutfall Íslandsbanka fer niður fyrir 15%, sem er það viðmið sem S&P álitur mjög sterkt, eða ef S&P greinir verulegar breytingar á efnahagslegum vísum á Íslandi, sem bankinn væri ekki ónæmur fyrir.

Þessi tilkynning er birt af Íslandsbanka hf. og inniheldur upplýsingar sem töldust eða kunna að hafa talist innherjaupplýsingar í skilningi 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) nr. 596 /2014 um markaðssvik (MAR), sbr. lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum, varðandi breytingar á horfum á lánshæfismati sem lýst er að ofan. Tilkynning þessi er gerð af Ellerti Hlöðverssyni, fjármálastjóra Íslandsbanka hf., í samræmi við upplýsingaskyldu bankans samkvæmt MAR og 2. gr. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EU) 2016/1055.

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: S&P Global Ratings breytir horfum á lánshæfismati Íslandsbanka í jákvæðar úr stöðugum, lánshæfismat staðfest](#)

[2024 11 24 TwolcelandicBankOutlooksRevisedToPositiveOnPotentialALACUplift Nov 12 2024 1](#)